Andrjes Fjeldsted - Sýslumaðurinn, hreppstjórinn og forsiglaði hrúturinn (1886)

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðu eintaki af téðu riti. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið rafrænt eintak af því án endurgjalds.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó að stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Höfundur skjals þessa álítur að hvers kyns höfundaréttur á prentaða eintakinu sé útrunninn.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skannað var eintak í vörslu Landsbókasafnsins (Íslandssafn).

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

J. 340
Arnd

Sýslumaðurinn, hreppstjórinn
og
„forsiglaði hrúturinn“.

Lítil kýmisaga um „misgrip“ embættisrekstur, innsiglanir, og markskyggni í Þverárþingum.

Það er upphaf þessarar sögu, að þann 6. desbr. 1884 ritaði bóndinn á Lambastöðum í Álptanesshreppi, Þórður Pjetursson mjer brjef og tjáði mjer að á Hofsstöðum þar í hreppi væri lambhrútur með mínu marki, sem eg mundi eiga og falaði hann af mjer hrútinn og mæltist jafnframt til að eg lofaði honum að fóðra hann um veturinn, ef eg eigi vildi selja. Gat hann þess jafnframt, að hrútur þessi mundi þangað kominn frá einum höfðingjanum í Hvítársíðunni, sem sje hreppstjóranum á Síðumúla, Salomoni bónda Sigurðssyni. — Eg ritaði Þórði bónda þegar í stað aptur og bað hann komast fyrir það, hvort mitt mark væri á hrútnum og, ef svo væri, lagði eg fyrir hann að hann skyldi taka til sín hrútinn og fóðra hann. Eg benti honum jafnframt á, að það mundi heppilegast að hann tæki með sjer einhvern annan góðan mann til að álíta markið á hrútnum því þá mundi síður rengt verða, ef tveimur bæri saman. Litlu síðar fjekk eg aptur brjef frá Þórði og kvaðst hann þá hafa farið við annan mann heim að Hofsstöðum og hefði þeir skoðað lambhrútinn. Hafi þeim *enginn vafi* sýnzt á því, að mitt mark væri á hrútnum og hafi þeir því ætlað að fara með hann, eptir því sem eg hafði fyrir lagt, en nú hafi Þorvaldur bóndi á Hofsstöðum eigi viljað sleppa hrútnum að svo komnu máli, og borið það fyrir, *að hreppstjórinn á Síðumúla hefði* **selt** *sjer hrútinn;* hafði Salomon nokkur, — nafni hreppstjórans, en óskyldur honum að öðru, og að því eg þekki til, ráðvandur og frómur maður, — vinnumaður í

Árnakoti í Borgarhrepp, keypt fyrir sig tvo lambhrúta af hreppstjóranum og hefði þetta verið annar þeirra.

Skömmu eptir að þetta gjörðist kom Salomon þessi — vinnumaðurinn, ekki hreppstjórinn — á heimili mitt og vakti hann þá að fyrra bragði máls við mig á hrútnum og sagði mjer þá svo frá: Hann hefði þá haustið áður keypt tvo lambhrúta af nafna sínum, embættismanninum á Síðumúla og hefði hann þá sagt við sig um hrútinn góða, sem síðar er svo frægur orðinn, að „hann væri nú undan fallegustu ánni sinni“ og lofað hann mjög svo. Kvaðst hann í grandleysi eigi hafa gætt að markinu á hrútnum þá, en rekið hrútana þegar heim til sín; skömmu síðar hefði hrútarnir tapazt þaðan en komið þá fram aptur eptir lítinn tíma á öðrum bæ þar í hreppnum, Stórafjalli, og þaðan hefði þeir komizt að Hofstöðum. Hefði þá Sigurður bóndi á Stórafjalli aðvarað sig um, að á öðrum hrútnum væri *ekki* mark *hreppstjórans*, heldur *mitt;* sagðist hann þá hafa skrifað hreppstjóranum, nafna sínum, og taldi hann það gegna mestu furðu að hreppstjórinn ekki skyldi hafa fundið mig að máli og bætt fyrir misgripin. Mjer þótti það enda sjálfum mjög kynlegt, að hreppstjórinn eigi skyldi neitt leitast við að bæta úr þessum misgripum sínum, því mjer gat aldrei blandast hugur um, að eg ætti hrútinn, sem hann hefði selt, enda töldu það þá allir, er eg átti tal við um þetta, *öldungis vafalaust*, eins og það enda er enn í dag. Eg gat reyndar hugsað mjer, að brýnar embættisannir kynnu að hamla hreppstjóranum frá að sinna þessu, því eins og kunnugt er, eru þær góðar til að afsaka sig með — hvort sem þær svo eru stundaðar eða stungið undir stól, þangað til aptur þarf að brúka þær fyrir afsakanir — en það varð sannarlega annað uppi á teningnum þegar eg frjetti aðgjörðir þessa embættismanns í hrútsmálinu.

Það leið eigi á löngu áður en eg frjetti, að embættismaðurinn á Síðumúla hefði riðið að Hofstöðum og hefði hann þar fengið álit Jóns nokkurs Þorvaldssonar,

einhvers aðvífandi ferðamanns og svo Þorvaldar bónda sjálfs, er hrútinn hafði keypt, um að mitt mark *væri ekki* á hrútnum. — Mjer brá mjög kynlega við þessar aðfarir hreppstjórans, jeg hafði áður haldið að „misgripin“ væri í grandleysi gjörð, en nú vissi jeg eigi hvað jeg átti að halda og sýndist all-ískyggilegt málið. — Til þess þá að ganga úr skugga um, hvort eg í raun og veru ætti markið á hrútnum, eða eigi, þá sendi eg mann gagngjört til Jóns bónda Hallssonar, hreppstjóra í Álptaneshreppi, sem er greindur maður og gætinn og að allra dómi *markglöggastur maður í Mýrasýslu*; bað eg hann að skoða fyrir mig hrútinn og gefa mjer skriflegt álit sitt um markið á honum. Þeir skoðuðu því næst hrútinn, Jón Hallsson og sendimaður minn og ritaði hreppstjóri mjer samstundis vottorð sitt. Það er dagsett að Hofstöðum þann 10. janúar 1885 og býðst hann í vottorði sínu til „að bera það hvar sem er“ að hann „eptir sinni beztu vitund álíti hrútinn vera með mínu marki“.

Eg þóttist nú hafa full-næg gögn í hendi til að sanna eignarrjett minn að hrútnum og ímynda jeg mjer að fiestir hefðu álitið, að hjer þyrfti eigi frekari vitna við.

En — „hvað er þetta“? munu lesendurnir segja, „hvað verður af **sýslumanninum**? hann stendur hjer þó fyrstur á blaði, á undan bæði hreppstjóranum og hrútnum, og nú er þó auðsjáanlega farið að líða að sögulokum um þeirra viðskipti“? Mjer fannst það sem sje eiga svo vel við, að hann í þessari sögu, eins og opt endranær eigi kæmi að fyr en svona „á seinni skipunum“. Það mun optar hafa borið við hjá honum, að hann hefir eigi farið að skipta sjer af málunum fyr en nauðsyn var á, en það hefur þá líka optast kveðið þess meir að aðgjörðum hans í þeim, og sama mun einnig mönnum finnast hjer, í öllu falli hafa aðgjörðir hans í *þessu* máli stuðlað öðru fremur til að draga hana á langinn, hrútsöguna þá arna, og teygja úr henni, svo nú held jeg, að enginn nema forsjónin og sýslumaðurinn geti

ráðið í, nær von er á niðurlaginu. En svo að jeg víki nú aptur að efninu, þá hafði jeg þegar í byrjun máls þessa ritað sýslumanni Guðmundi Pálssyni um þetta efni og er mjer eigi kunnugt að það brjef hafi haft nokkur áhrif á málið nje sýslumanninn. En þegar jeg nú hafði fengið vottorð Jóns hreppstjóra Hallsonar ritaði eg sýslumanni á ný 12. janúar 1885 og krafðist þess skýlaust að hann tæki mál þetta fyrir til frekari aðgjörða. Mjer er víst óhætt að fullyrða að sýslumaður hafði *til þess tíma alls ekkert* gjört í málinu, en síðan hefi jeg frjett á skotspónum að hann eptir þetta, þá um veturinn, hafi verið á ferð í Álptaneshreppi, og Jón hreppstjóri Hallsson með honum og hafi þeir þá komið að Hofstöðum og skoðað hrútinn, einnig hefi eg frjett að hrútsi hafi hlotið mikinn frama af þangað komu sýslumannsins, því sýslumaður hafi makað annað horn hans í rauðu lakki og smellt þar innsigli á ofan og hafi hann þá um leið hlotið nafnbót þá, er hann hefir haldið síðan og verið nefndur „forsiglaði hrúturinn“. Aldrei hefi eg sannspurt, hvers mynd og yfirskript á innsigli hrútsa hafi verið og hafa menn leitt ýmsar getur að því; ætla sumir að það hafi verið embættisinnsigli sýslunnar, en aptur aðrir að það hafi verið embættismannsinnsiglið frá Síðumúla og er eigi gott úr þeim getum að ráða, en ef dæma skal eptir síðari aðgjörðum (eða rjettara aðgjörðaleysi) sýslumannsins í þessu máli, þá virðist hið síðara engu ólíklegra.

Nú leið veturinn og sumarið, allt var í mesta næði og ofur-rólegt mók á hrútsmálinu; það hefir sofið rólega í skjalahyllu sýslumannsins, og var eigi hætt við að hann færi að ýta við því svo að það vaknaði allt of snögglega; það var nú komið langt fram á haust, án þess eg fengi nokkra rjetting á þessu máli, eða nokkurt orð frá sýslumanni um, að það væri til lykta leitt. Eg rjeðist því í það að skrifa sýslumanni enn á ný og ritaði eg honum 14. október 1885 á þessa leið:

„Herra sýslumaður Guðm. Pálsson!

Þó að langur tími sje liðinn síðan jeg skrifaði yður 12. janúar næstliðinn hefi eg enga tilkynningu fengið um, að þjer hafið leitt til lykta mál það, er nefnt brjef ræðir um, enda þó megi ímynda sjer að slíkur tími væri nægilegur til þess, ekki vafasamara, en menn bæði nú og fyrrí segja mjer sje um eignarrjett minn á hrút þeim, er Salomon í Síðumúla seldi fyrir um ári síðan.

Á yfirstandandí hausti var eg staddur í Hraundalsrjett, hvar margir menn skoðuðu áðurnefndan hrút, og þótti enn sem fyrri óskiljanlegt hvernig vafi gæti á því verið, að jeg ætti hrútinn, en ekki Salomon hreppstjóri í Síðumúla, enda er jeg hissa á því, að þjer skuluð ekki enn hafa yfirheyrt þá menn, er fyrstir komu því upp, að mitt fjármark væri á hrútnum, þessir menn voru Sigurður Jónsson í Litlugröf og Sigurður bóndi Sigurðsson á Stórafjalli. — Það væri betur að engum dytti í hug, að dráttur yðar í þessu máli væri gjörður til þess að halda skildi fyrir misgrip herra Salomons í Síðumúla, að minnsta kosti óskaði jeg að vera frí við slíkt, en samt verð jeg að játa, að aðgjörðaleysi yðar í þessu sem fleiru, gefur mjer orsök til að ímynda mjer máske það sem sízt skyldi um mál manna í hjeraði þessu.

Herra sýslumaður! jeg óska þess, að þjer yfirheyrið áðurnefnda menn, Sigurð í Litlugröf og Sigurð á Stórafjalli, svo og Jón bónda Tómasson á Trönum, sem allir eiga heima í Borgarhreppi“ og s. frv. — — — — —

Til þess að fyrirbyggja það, að menn skuli nú halda að sýslumaðurinn hafi þotið upp til handa og fóta til að sinna máli þessu og bæta úr undandrættinum þegar hann fjekk brjef mitt, þá skal eg strax taka það fram að hrútsmálið er *óútkjáð enn* og að fráteknu því snilldarbragði, að „forsigla“ hrútinn veit eg eigi til að sýslumaður hafi neitt verulegt í því gjört.

Þegar eg í haust var staddur í Hraundalsrjett kom „forsiglaði“ hrúturinn þar fyrir og var hann dreginn

Þorvaldi bónda á Hofstöðum. Jón hreppstjóri Hallsson var þá staddur í rjettinni og fjekk hann fjölda markfróðra manna til að skoða hrútsa, enda þurfti menn eigi þess að biðja, því mannsöfnuðurinn þyrptist að hrútsa þegar hann kom fram, til þess grandgæfilega að skoða þetta sýslumannsins dýrðlega furðuverk, en allir luku upp sama munni um það, að það væri *engum vafa bundið*, að eg ætti markið á hrútnum en ekki embættismaðurinn á Síðumúla. Menn báðu mig þá einnig að líta á hrútinn, en eg neitaði því, af því að eg hjelt, að mjer eigi mundi nægja stutt stund til þess að glöggva mig á markinu, þar sem sýslumanninum sjálfum eigi hafði tekizt það á meira en missiri og það þó með tilstyrk annara. Síðan hefi jeg eigi sjeð hrútsa nje heyrt neitt um þetta mál. Það er því **óútkljáð** *enn í dag*. Freka **13 mánuði** hefur nú sýslumaðurinn verið að fást við hrútsa og lítur þó út fyrir að hann sje enn eigi búinn að glöggva sig á markinu, enda hlýtur honum að vera annað betur gefið, en - markskyggni, því hitt er ekki hugsandi, að hann sje slíkur silakeppur í öllum öðrum málum sem hann óneitanlega virðist hafa verið í þessu.

Svo mörg eru þessi sögunnar orð og hefi eg eigi ofsagt hana nje vansagt, heldur hermt allt svo, sem eg veit sannast og rjettast. Það er hvorttveggja, að sagan um „forsiglaða hrútinn“ er fróðleg, enda hafa margir verið að spyrja mig um, hvað henni liði og hefi eg því ráðist í að láta prenta hana, þótt „botninn“ sje enn þá hjá sýslumanninum, en vera má að framhaldið komi þá síðar.

En þessi sögustúfur getur samt orðið mönnum þarfur, bæði til aðvörunar og eptirdæmis.

Bændur hjer í sýsln ættu að láta sögubrotið verða sjer aðvörun við því, að ómaka eigi sýslum. þótt þeir missi eitthvert slíkt smáræði af fénum sínum á líkan hátt og eg, því það svarar ekki kostn. Í þessu hrútsmáli var um lítilræði að tefla fyrir mig, að því peningaverðið snerti, en

jeg hefi þegar varið miklu meiru en hrútsverðinu nemur, til þess, að láta skoða hrútsa minn (því *minn* kalla eg hann) og svo hlýt eg að líkindum að borga sýslumanni fyrirhöfn hans fyrir málinu, þó ekki sje nema lakkslettuna á hrútshorninu, en ekkert er í aðra hönd. Eg hefi eigi fengið eign mína, sem annar maður hefir í misgripum“ tekið og selt, og hefi enga von um að fá hana fyr en máske seint og síðar meir að sýslumaðurinn verður orðinn svo sprenglærður, að hann þekki mark á sauðkind, ef það verður nokkurn tíma, því öðru en slíkum þekkingarskorti er eigi mögulegt að kenna þennan dæmafáa undandrátt, því enginn skyldi hugsa, og því síður láta sjer um munn fara, að hann ætli sjer að láta misgripin helga hreppstjóranum hrútinn, því slíkur yfirgangsandi er engum ætlandi og þá sízt af öllu konunglegum valdsmanni.

Sögustúfurinn ætti líka að geta orðið mönnum til eptirdæmis. Eg hefi heyrt marga hjer í sýslunum vera að kveina og kvarta yfir því, að þeir geti aldrei fengið neinn enda sinna mála hjá sýslumanninum, dánarbúaskiptin stæði yfir árum saman, svo þeir fengi eigi fje sitt útborgað úr þeim og margt fleira. Mjer er nú eigi svo kunnugt um, hvort þessi óánægja manna hjer, er á svo sterkum rökum byggð, að eg hjer vilji dæma um, hvort það er með rjettu eður eigi, að menn kvarta, en ef eg ætti að dæma eptir því, er fram hefur snúið við mig í hrútsmálinu, þá þykir mjer eigi neitt ómögulegt að eitthvað kunni að vera hæft í þessu. En ef menn á annað borð þykjast hafa ástæðu til að kvarta þá ættu þeir eigi að vera að muldra kveinstafi sína í hálfum hljóðum úti í skúmaskotunum, því það er eigi til annars en að ófrægja hjeraðið, sýslumanninn og jafnvel sjálfa þá, en er ekki að neinu gagni. Þesshátt kvartanir ættu menn því miklu fremur að bera fram opinberlega og í heyranda hljóði; þá getur sá, er í hlut á, miklu fremur borið hönd fyrir höfuð sjer, ef ámælið er rangt, því hálfleyndu baktali getur enginn varizt, en

ef það er á rjettum rökum byggt þá á það einmitt að verða sem hljóðbærast, því þá er heldur von um, að hlutaðeigandi, er fyrir ámælinu verður, lagfæri sig, því allir bera þó meiri virðingu fyrir almennings dómnum, þegar hann kemur hreint og beint fram, heldur en fyrir baknaginu sem „skríður með skörunum“ og ekki þorir að láta sjá sig í dagsbirtunni“.

Það skyldi enginn ætla, að eg hafi skrásett þennan sögustúf í þeirri veru, að það mundi varða sýslumann nokkurri ábyrgð þótt hann vanrækti þetta mál með öllu, nei, langt frá. Úr því að það eigi varðar slíkan embættismann nema fárra vikna fangelsis að draga undir sig tugi þúsunda af landsins fje, þá hygg eg að hegningin mundi væg í hlutfalli við það, þótt einhver þeirra krytjaði sjer í eitt hrútlamb eða tvö, hvað þá heldur ef hann gjörði eigi annað af sjer, en það, að hann ljeti sem hann eigi sæi, þótt einstöku hreppstjóri í harðæristíð fjölgaði dálítið fje sínu „í misgripum“. — Það má nú harðna betur til þess, að „hrafnarnir fari að kroppa augun hver úr öðrum“, — og þá mun ábyrgðin sannarlega eingin hjer, úr því sýslumaðurinn hefir eigi annað til sakar unnið, en að málsúrslitin hafa dregizt fyrir honum, af því hann hefir þurft svo langan tíma — 13 mánuði, — til að átta sig á markinu á „forsiglaða hrútnum“.

Hvítárvöllum 1. marz 1886.

Andrjes Fjeldsted.

Prentsmi

Lbs - Hbs / Þjóðdeild
100718548-0